



Ferðafélag Rangæinga – skýrsla stjórnar 2022

Hreyft var við hugmyndinni að stofnun Ferðafélags Rangæinga í nóvember 2021. Hugmyndinni var síðan hrint í framkvæmd af hópi áhugafólks í upphafi árs 2022. Myndaður var undirbúningshópur sem í voru þau Anna Guðrún Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Björn Ingi Jónsson, Grettir Rúnarsson, Guðmundur Árnason, Gunnsteinn Sigurðsson, Helgi Jóhannesson, Inga Heiðarsdóttir, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Lárus Ágúst Bragason, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Egill Stolzenwald og Unnur Óskarsdóttir. Ákveðið var að blása til stofnfundar Ferðafélags Rangæinga í Menningarsalnum að Dynskálum 8 á Hellu þann 1. mars 2022. Á stofnfundinum var fullt út úr dyrum auk þess sem hópur fólks tók þátt í viðburðinum í gegnum fjarfund. Undirbúningshópurinn að stofnun félagsins hafði þá verið starfandi í nokkrar vikur og var tillaga hópsins um að stofna Ferðafélag Rangæinga samþykkt einróma á fundinum og með dúndrandi lófataki að auki. Ákveðið var að félagið yrði deild í Ferðafélagi Íslands og var undirbúningur að stofnun þess unninn í góðu samstarfi við forystufólk FÍ. Á stofnfundi voru samþykkt lög fyrir félagið auk þess sem kosin var stjórn og skoðunarmenn. Í stjórnina voru kosin þau Ágúst

Sigurðsson sem forseti og Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Anna Guðrún Jónsdóttir og Helgi Jóhannesson sem meðstjórnendur. Varamenn voru kosin þau Lárus Ágúst Bragason og Ingibjörg Þ. Heiðarsdóttir og skoðunarmenn reikninga þau Þorbergur Albertsson og Sigríður Viðarsdóttir. Á stofnfundinum var ákveðið að árgjald félagsins skyldi vera 8.000 kr. Á fyrsta stjórnarfundinum þann 14. mars var síðan verkum skipt og var ákveðið að Anna Guðrún yrði varaforseti, Björn Ingi gjaldkeri og Helgi ritari. Auk þess var á fyrsta stjórnarfundinum samþykkt að setja á fót sérstaka ferðanefnd og voru þau Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir, Gústav Stolzenwald, Gísli Gíslason, Guðmundur Árnason og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir fengin til að taka sæti í nefndinni.

Ein hugur var á stofnfundi að stefna að líflegri dagskrá hjá félaginu strax á fyrsta ári og gekk það svo sannarlega eftir en m.a. var skipulögð sérstök Stofnganga auk þess sem hin nýskipaða ferðanefnd útbjó gríðarlega spennandi ferðadagskrá fyrir árið.

Rangæingar fylktu síðan liði í stofngöngunni þann 1. maí 2022 í blíðviðri en gengið var á Stóru-Dímon. Félagsmenn fjölmenntu til göngunnar en talið er að allt að 250 manns hafi tekið þátt og þykir líklegt að aldrei áður hafi svo margir staðið samtímis á toppi Stóru-Dímon. Stutt athöfn var við rætur fjallsins áður en til göngunnar kom en þar var m.a. greint frá tilurð Ferðafélags Rangæinga sem strax var orðin allnokkur fjöldahreyfing og sérstök deild í Ferðafélagi Íslands. Afhjúpað var einkennismerki félagsins sem hannað er af Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur en í merkinu má m.a. greina fjallið Þríhyrning sem víða sést úr Rangárþingi. Kvinnakórinn Ljósbrá flutti nokkur lög við góðar undirtektir og fluttar voru góðar kveðjur frá velunnurum félagsins m.a. færði Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ hinu nýja félagi góðar gjafir í formi margvíslegs öryggisútbúnaðar. Kynnt var ferðaáætlun félagsins 2022 sem samanstóð af bæði styttri göngum í byggð og lengri ferðum. Á tindi Stóru-Dímon var útsýni stórfenglegt til allra átta og þar flutti með tilþrifum Gustav Stolzenwald félagi í FFRang kvæðið Gunnarshólma blaðlaust og í fullri lengd – en þar blasir við allt sögusvið kvæðisins. Vakti þetta mikla hrifningu göngufólksins og líður seint úr minni. Var þá gengið niður og þáði göngufólk rausnarlegar veitingar sem voru m.a. í boði Sóma, Ölgerðarinnar, Innes og Almars Bakara. Var mikil ánægja með stofngönguna sem sló tóninn fyrir sumarið hjá ferðaglöðum Rangæingum.

Göngudagskrá ársins var annars vegar stuttar miðvikudagsgöngur um Hellu, Hvolsvöll og Þykkvabæ og nágrenni og göngur að Efra-Hvols hellum og í nágrenni Keldna á Rangárvöllum og Akbrautar í Holtum. Þá voru

dagsferðir á Þríhyrning, Bjólfell, Landmannalaugar, Skarðsfjall auk stofngöngunnar á Stóru-Dímon og ferðar um Bolholtsskóg. Þá var farið ein hjólaferð um Markarfljótsaura og ein helgarferð í Dalkofa. Frítt var í allar ferðir FFRang þetta fyrsta ár nema hvað innheimt var gjald vegna rútukostnaðar í Þórsmörk og vegna skálagistingar í Dalakofa. Allar þessar ferðir tókust einstaklega vel og var þátttaka mjög góð en alls mættu um 600 manns ef allar ferðir eru taldar. Ferðanefndin hélt 6 fundi á árinu til undirbúnings ferðaáætlun 2022 og 2023 og stjórnarfundir voru 4. Fulltrúar FFRang, þeir Ágúst og Björn Ingi tóku þátt í sameiningulegum fundi allra deilda FÍ í nóvember þar sem var farið yfir ýmiss sameiginleg hagsmunamál.

Upplýsingum um ferðir og annað á vegum FFRang var komið á framfæri í gegnum sérstaka Fb síðu sem stofnað var til en reynslan þetta fyrsta ár hefur kennt að nauðsynlegt er að bæta upplýsingaflæðið m.a. með því að útbúa heimasíðu fyrir félagið þar sem viðburðir eru kynntir og upplýsingar liggja skýrar fyrir.

Félagar í FFRang voru um áramótin 2022/2023 rétt um 200 talsins.

27. mars 2023

f.h. stjórnar FFRang

Ágúst Sigurðsson